

Borgarráð

***Svar við fyrirspurnum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna opinna funda borgarstjóra***

Á fundi borgarráðs þann 22. mars sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarstjóri hefur haldið reglulega opna fundi í Ráðhúsinu og víðar í borginni á kjörtímabilinu. Þessum opnu fundum hefur farið fjölgandi nú í aðdraganda kosninga sem augljóst er að nýta á í áróðursskyni á kostnað skattgreiðenda. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um hversu marga opna fundi borgarstjóri hefur haldið á kjörtímabilinu og hversu marga fundi er áætlað að halda í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna í maí. Óskað er eftir sundurliðuðum kostnaði við fundarhöldin og heildarkostnaði þar með talið launakostnaði, útkeyptri vinnu, húsnæðiskostnaði og kostnaði við veitingar.

Ofangreind fyrirspurn var síðan ítrekuð á fundi borgarráðs þann 24. maí sl.

Þá lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn í borgarráði þann 26. apríl sl:

Óskað er eftir upplýsingum um allan kostnað, sem fellur á Reykjavíkurborg, vegna fundaherferðar borgarstjóra í aðdraganda komandi borgarstjórnarkosninga, t.d. við auglýsingar, húsaleigu og myndatökur. Óskað er eftir því að tilgreindur verði tilfallandi kostnaður vegna vinnu borgarstarfsmanna við fundina, t.d. vegna undirbúnings sem og fundarsetu.

Svar:

Borgarstjóri hefur á kjörtímabilinu haldið býsna marga opna fundi með íbúum. Til að mynda heimsótti hann öll hverfi borgarinnar tvisvar sinnum á kjörtímabilinu og hélt þá í bæði skiptin opna fundi þar sem farið var yfir hin ýmsu málefni svo sem þjónustu í hverfinu, skipulagsáætlanir, fyrirhugaða uppbyggingu og innviði hverfanna í víðasta skilningi auk þess að svara þeim spurningum sem brunnu á íbúum viðkomandi hverfa. Auk þess hefur borgarstjóri haldið opna fundi um uppbyggingu íbúða, uppbyggingu atvinnuhúsnæðis og annarra uppbygginga innan borgarmarkanna til þess að miðla upplýsingum til einstaklinga, fagaðila og fyrirtækja um það sem er í pípunum í uppbyggingu. Þessir opnu fundir hafa nýst

afar vel miðlunar á mikilvægum upplýsingum um uppbyggingaáætlanir bæði vegna íbúða og atvinnuhúsnæðis til borgarbúa og fagaðila. Auk opinna funda um uppbyggingu og opinna funda í hverfunum hafa verið haldnir opnir fundir um deiliahagkerfið, velferðartækni, snjallborgina og ýmis önnur málefni í þeim tilgangi að miðla því gríðarlega umfangi sem í starfsemi borgarinnar felst. Alls hafa verið haldnir 41 opinn fundur á kjörtímabilinu og líklega má telja að aldrei hafi verið haldnir eins margir opnir fundir á einu kjörtímabili með það að markmiði að efla sambandið við borgarbúa og tryggja skýra miðlun upplýsinga.

Kostnaður vegna opinna funda borgarstjóra, alls 41 fundur, á kjörtímabilinu skiptist svona:

Veitingar og framreiðsla: 1.489.094

Leiga á húsnæði: 162.477

Hljóðkerfi, upptökur og streymi: 1.677.991

Hönnun og vinnsla fundagagna: 1.122.240

Auglýsingar: 2.039.267

**Samtals: 6.491.069**

Enginn tilfallandi kostnaður féll til vegna vinnu borgarstarfsmanna við þessa fundi.

Dagur B. Eggertsson